

Íbúaráð Kjalarness

Ár 2020, fimmtudaginn 12.mars, var haldinn 5. fundur íbúaráðs Kjalarness. Fundurinn var opinn, haldinn í húsnæði Klébergsskóla og hófst kl. 17.02. Fundinn sátu Sigrún Jóhannsdóttir, Ólafur Þór Zoega, Guðni Ársæll Indriðason, Björgvin Þór Þorsteinsson og Rósmundur Örn Sævarsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð. Gestir á fundinum voru tveir.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf ódags. um val á slembivöldum aðalfulltrúa íbúaráðs Kjalarness. Aðalfulltrúi slembivalinna í íbúaráði Kjalarness er Rósmundur Örn Sævarsson.
2. Fram fer kynning á starfsemi Klébergsskóla, leikskólans Bergs, sundlaugar og íþróttahúss. Frestað.
3. Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgargang og umsögn dags. 10. mars 2020 er varðar tillögu íbúaráðs Kjalarness um að Barnalundur fái formlegan sess í skipulagi hverfisins.
4. Lagt fram svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 5. mars 2020 við fyrirspurn íbúaráðs Breiðholts um aðgang vegna styrkja úr hverfissjóð.
5. Fram fer umræða um málefni Orkuveituvegar.
6. Lagt fram bréf stýrihóps um innleiðingu íbúaráða 18. febrúar 2020 um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um að íbúaráðin finni leiðir til að auka samvinnu við stofnanir í hverfum þeirra.
7. Lagt fram svar Vegagerðarinnar dags. 4. mars 2020 við fyrirspurn fulltrúa Pírata í íbúaráði Kjalarness sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins 16. janúar 2020.
8. Fram fara umræður um málefni hverfisins.
9. Lagt fram yfirlit umsókna í hverfissjóð á Kjalarnesi 2020. Þessi liður fundarins var lokaður.

Fundi slitið kl. 18.23

Sigrún Jóhannsdóttir

Guðni Ársæll Indriðason
Björgvin Þór Þorsteinsson

Ólafur Þór Zoega
Rósmundur Örn Sævarsson